

Alþingi
Erindi nr. P 141/1139
komudagur 20.12.2012



Alþingi - Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 20. desember 2012
Tilv.: VEL12110071/06.33.01

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (101. mál).

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, þingskjal 101, 101. mál. Í frumvarpinu er lögð til breyting á 2. mgr. 8. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum. Felur breytingin í sér að breyta skilgreiningu tóbaks þannig að tóbaksgjald falli einungis á vörur sem innihalda í rauninni tóbak (nicotiana). Í athugasemdum með frumvarpinu kemur eftirfarandi fram: „Í ákvæðinu er lagt til að breyta skilgreiningu tóbaks í lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Í núgildandi ákvæði er kveðið á um að leggja skuli tóbaksgjald á allar vörur sem falla undir 24. kafla í viðauka I við tollalög. Nýverið hafa verið fluttar inn vörur sem svipar til tóbaks í útliti en innihalda þó ekkert tóbak. Samkvæmt skilgreiningu tollstjóra falla slíkar vörur undir 24. kafla viðauka I sem tóbakslíki. Í eðli sínu er álagning tóbaksgjalds skattur á neysluvöru sem skaðar heilsu manna. Gengur það því gegn bæði takmarki og tilgangi laganna að leggja tóbaksgjald á vörur sem innihalda ekki tóbak. Því er lagt til að skilgreiningin verði þrengd þannig að tóbaksgjald falli einungis á vörur sem innihalda í rauninni tóbak (nicotiana).“

Af þessu tilefni vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram. Lög nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, hafa tekið á vörum sem eru eftirlíkingar af tóbaki en innihalda ekki tóbak því bannað er að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjapípum, sbr. 2. mgr. 7. gr. Fordæmi eru fyrir því frá nágrannalöndum okkar að á vörur sem eru eftirlíking af tóbaki, s.s. sígarettur sem innihalda einungis kryddjurtir en ekki nikótín sé lagður tollur eins og um tóbak sé að ræða (t.d. í Svíþjóð). Einnig eru fordæmi fyrir því að vörur sem ekki innihalda tóbak, en er neytt eins og munntóbak, sé skattlagt eins og um tóbak sé að ræða (t.d. í Noregi).

Nýleg könnun Embættis landslæknis á notkun neftóbaks sem munntóbaks í stórauðnum mæli meðal ungra karlmanna gefur tilefni til að yfirvöld grípi til aðgerða til að draga úr frekari aukningu á notkun reyklauss tóbaks. Engar rannsóknir eru til sem styðja að tóbakslíki (vörur sem svipar til tóbaks í útliti en innihalda ekki tóbak) geti haft eitthvert hlutverk til að hjálpa notendum reyklauss tóbaks til að hætta notkun þess. Þar eru sömu aðferðir árangursríkar og fyrir þá sem hætta að reykja, gagnreynd meðferðarúræði til að sigrast á nikótínífkni.

Árið 2001 tóku gildi takmarkanir á afgreiðslu tóbaks í verslunum á þann veg að ekki er heimilt að hafa tóbakið sýnilegt á afgreiðslustað, svokallað sýnileikabann. Markmiðið með þeim

aðgerðum er að koma í veg fyrir að tóbak sé sýnilegt viðskiptavinum og hamla þannig því að uppstilling tóbaks minni á vöruna í viðkomandi verslun. Það hefur vakið mikla athygli og fleiri lönd hafa innleitt sýnileikabannið síðan. Þar sem sýnileikabannið mun ekki ná til þeirrar vöru sem fjallað er um undir nafninu tóbakslíki og er pakkað í svipaðar umbúðir og munntóbak, er hætt við því að markaðssetning þess geti aukið á notkun reyklauss tóbaks með því að minna á vöruna í verslunum.

Síðast en ekki síst má ætla að neysla vara sem svipar til tóbaks í útliti og er neytt eins og tóbak geti ýtt undir almenna tóbaksnotkun. Þar með væri stuðlað að jákvæðara viðhorfi gagnvart tóbaksneyslu. Loks má geta þess að sú staðreynd að tóbakslíkisvörur eru tollflokkaðar sem tóbak hefur takmarkað ásókn í innflutningi á slíkum vörum.

Með bréfi þessu vill ráðuneytið vekja athygli á framangreindum upplýsingum sem unnar voru í nánú samstarfi við starfsmenn Embættis landlæknis.

Fyrir hönd ráðherra


Margrét Björnsdóttir


Laufey Helga Guðmundsdóttir

Ljósrit: Embætti landlæknis
Geir Gunnlaugsson
Barónsstíg 47
101 Reykjavík

Samrit: Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík